

# Ritstjórnarstefna fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar

Eftirfarandi ritstjórnarstefna á við um alla þá sem starfa fyrir fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, hvort sem um er að ræða launafólk eða verktaka.

## Hlutverk og sjálfstæði

- Hlutverk fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar er að upplýsa almenning.
- Fréttastofan hefur sannleikann að leiðarljósi og leitast við að koma réttum upplýsingum á framfæri.
- Fréttastofan er sjálfstæð í sínum störfum, samanber reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fréttastofunnar.

## Siðir og venjur

- Starfsmenn skulu ávallt kynna sig með nafni og titli þegar þeir eru í fréttaoöflun, hvort sem er í gegnum síma, skriflega eða á vettvangi, nema aðstæður eða fréttamál kalli á annað, og þá í samráði við ritstjóra.
- Séu starfsmenn í fréttaoöflun á vettvangi skulu þeir vera vel merktir, með starfsmannaskírteini meðferðis og í merktum fatnaði ef við á.
- Starfsmenn skulu sýna öllum þeim sem þeir ræða við starfs síns vegna virðingu og kurteisi.

## Trúnaður, heimildir og upplýsingaöflun

- Trúnaður skal ríkja um það sem starfsmenn fá vitneskju um í starfi sínu og ekki hefur verið, eða verður, greint frá vegna tiltekinna ástæðna.
- Fréttamaður hvetur til þess að heimildarmenn/viðmælendur sínir komi fram undir nafni og er það mat hverju sinni hvort orðið er við því að veita nafnleynd.
- Sé nafnleynd veitt gætir fréttamaður fyllsta trúnaðar við heimildarmann sinn.
- Ef segja á frétt samkvæmt ónafngreindum heimildarmönnum skal fréttamaður hafa það að meginreglu að hafa að minnsta kosti tvær sjálfstæðar heimildir fyrir fréttinni. Eðli fréttarinnar getur hins vegar kallað á það að einn heimildarmaður sé nægjanlegur en það er mat fréttamanns í samráði við ritstjóra, fréttastjóra, eða vaktstjóra hverju sinni hvort heimildin sé nægilega traust.

- Viðtal fréttamanns, sem hefur kynnt sig sem slíkan við viðmælanda, er til birtingar („on record“) nema annað sé tekið fram í upphafi.
- Fréttamenn senda ekki óbirt efni úr húsi til viðmælanda, eða annarra, til yfirlestrar. Óski viðmælandi eftir því að vita hvað er haft eftir sér skal hringja í viðkomandi og lesa upp fyrir hann það sem haft er eftir honum, hvort sem er í óbeinni eða beinni ræðu.
- Fréttastofan vitnar að jafnaði í aðra fjölmiðla í fyrstu frétt um málið þegar frétt hefur með sanni verið frumunnin þar.
- Þegar upplýsingar eru hafðar eftir öðrum, til dæmis eftir heimildarmönnum, viðmælendum, upp úr fréttatilkynningum og/eða eftir öðrum miðlum skal gæta þess að ekki megi ætla að þær upplýsingar séu staðhæfing fréttastofu.
- Fréttastofan lítur svo á að það sem birt hafi verið á samfélagsmiðlum teljist til opinberrar birtingar og því þurfi ekki leyfi viðkomandi vegna fréttar. Þó skal leitast eftir því að ræða við viðkomandi kalli fréttin á það. Á þetta sérstaklega við í viðkvæmum málum, til dæmis í umfjöllun um veikindi, dauðsfall eða eitthvað slíkt, og þegar viðkomandi er ekki opinber persóna.
- Þegar fréttastofu berast trúnaðargögn, til dæmis úr stórum upplýsingalekum, er það mat ritstjóra hverju sinni hvort þær upplýsingar sem þar er að finna eigi erindi við almenning.

## Umfjöllun um viðkvæm mál

- Starfsmenn skulu sýna nærgætni í umfjöllun um viðkvæm mál. Banaslys, slys, barnaverndarmál, kynferðisbrotamál og tiltekin dómsmál myndu til dæmis teljast til viðkvæmra mála.
- Fréttastofan forðast að birta myndir eða myndskreið þar sem sjá má persónugreinanlegar upplýsingar, eða önnur auðþekkjanleg einkenni á vettvangi, ef mál er enn á viðkvæmu stigi.
- Fréttastofan leitast við að birta ekki nöfn látinna einstaklinga nema í samráði við þar til gerð yfirvöld, svo sem lögreglu eða presta, eða ættingja viðkomandi. Undantekningu má þó gera frá þessu þegar upplýsingarnar eiga erindi við almenning og/eða ef aðstæður kalla sérstaklega á það, til dæmis ef umræða er orðin almenn um nafn hins látna. Í slíkum undantekningatilvikum skal lokaákvörðun ávallt vera í höndum ritstjóra, fréttastjóra, eða vaktstjóra, eftir því sem við á.
- Fréttastofan heldur í heiðri þá meginreglu réttarríkisins að maður sé saklaus uns sekt er sönnuð.

- Fréttastofan nafngreinir ekki einstaklinga sem grunaðir eru um alvarleg brot nema ákæra hafi verið gefin út. Undantekningu má þó gera frá þessari reglu ef um er að ræða opinbera persónu, síbrotamann og/eða málið er talið varða almannahag og/eða vegna eðlis brots. Þá má jafnframt gera undantekningu í hina áttina, það er að nafngreina ekki einstakling sem ákærður hefur verið fyrir alvarleg brot, til dæmis til verndar meintum brotapolum í máli.
- Einstaklingur sem hlotið hefur dóm, hvort sem er í héraðsdómi, Landsrétti eða Hæstarétti, og er nafngreindur í dómnum en hefur hingað til ekki verið nafngreindur í tengslum við málið, skal ekki nafngreindur í frétttaflutningi af dómnum nema viðkomandi hafi verið dæmdur í að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Undantekningu má þó gera frá þessari reglu ef um er að ræða opinbera persónu, endurtekin brot og/eða málið er talið varða almannahag og/eða vegna eðlis brots, til dæmis þegar um er að ræða meiriháttar fjárfvikamál eða meiriháttar skattalagabrot.

### **Umfjöllun og frétttaflutningur þar sem börn koma við sögu**

- Sérstakrar vandvirkni og nærgætni skal gætt í umfjöllun um börn undir lögaldri.
- Ekki skal ræða við barn, sem er undir lögaldri, um viðkvæm mál sem snúa beint að velferð þess og/eða annarra barna nema með samþykki foreldra eða annarra forráðamanna.
- Ekki má mynda nemendur við leik og störf í skólum nema með leyfi viðeigandi skólastjórnanda.
- Óheimilt er að nafngreina, með einum eða öðrum hætti, börn undir lögaldri sem eru brotapolar eða vitni í kynferðisbrotamálum.

### **Hlutlægni, hlutleysi og leiðréttingar**

- Fréttamenn skulu gæta í hvívetna hlutlægni og sanngirni í frétttaflutningi.
- Til að almenningur þurfi aldrei að vera í vafa um óhlutdrægni umfjöllunar skal gera skýran greinarmun á auglýsingum, kynningum og ritstjórnarefni.
- Efnislegar rangfærslur í fréttum sem sagðar hafa verið skulu leiðréttar og skal leiðréttingum komið á framfæri með viðeigandi hætti.
- Fréttir skulu ekki fjarlægðar af Vísi. Undantekningar frá þeirri meginreglu geta til dæmis snúið að því ef frétt er svo efnislega röng að hún fær ekki staðist, ef um almannahættu er að ræða eða ef til umfjöllunar eru börn undir lögaldri. Fréttir skulu ekki fjarlægðar nema með samþykki ritstjóra eða fréttastjóra.

- Fréttamenn ættu að forðast að tjá sig á opinberum vettvangi með þeim hætti að það gæti skaðað trúverðugleika fréttastofunnar.
- Þó ber að athuga að skoðanir sem fréttamaður hefur haft uppi áður en hann hóf störf, til dæmis ef hann starfaði í stjórnmálum, útiloka ekki að viðkomandi geti unnið af heilindum, fagmennsku og hlutlægni á fréttastofu síðar meir.
- Sé fréttamaður í vafa um hæfi sitt varðandi tiltekið fréttamál skal hafa samráð við ritstjóra eða fréttastjóra.

### **Hagsmunaárekstrar og hagsmunatengsl**

- Hagsmunir auglýsenda og/eða eigenda skulu aldrei hafa áhrif á vinnslu fréttu.
- Starfsmönnum er óheimilt að þiggja greiðslur frá utanaðkomandi aðilum vegna starfa sinna fyrir fréttastofuna. Ef fréttamenn þiggja greiðslur frá þriðja aðila vegna annarra starfa skulu þeir gera næsta yfirmanni grein fyrir þeim og gæta að hæfi sínu vegna mögulegs frétttaflutnings um hlutaðeigandi þriðja aðila.
- Starfsmenn þiggja ekki gjafir eða boð um ferðir nema ef um sé að ræða óveruleg verðmæti sem nýtast í þágu umfjöllunar.
- Starfsmenn skulu forðast að fjalla um mál sem þeir tengjast, hvort sem er fjárhagslega, persónulega eða á einhvern annan hátt.
- Fréttamenn skulu ekki taka þátt í starfi stjórnmalaflokka eða -félaga. Þá skulu þeir jafnframt forðast að vera í forystuhlutverki fyrir hvers kyns annars konar hagsmunasamtök ef líklegt er að slík störf geti skaðað trúverðugleika fréttastofunnar. Ef starfsmaður er í vafa um stöðu sína skal hafa samráð við ritstjóra.
- Fréttamenn skulu ekki koma fram í auglýsingum, kvikmyndum og/eða öðru dæguþefni sem þriðji aðili hagnast á nema að höfðu samráði við ritstjóra.